

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 1. tbl. 14. árg. janúar 2020

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Er um við að standa okkur nógu vel?

Foreldrafundir 15. og 16. janúar

15. janúar kl. 13:00 - 14:30	Foreldrar 9. og 10. bekkinga ásamt nemendum.
15. janúar kl. 17:00 - 18:30	Foreldrar í 1. - 3. bekk
15. janúar kl. 19:30 - 21.00	Foreldrar í 4. - 6. bekk
16. janúar kl. 8:10 - 9:30	Foreldrar 7. og 8. bekkinga ásamt nemendum.

Allir fundirnir verða í stofum 4 og 5 í Heppuskóla

Í niðurstöðum kannana frá Rannsókn og greiningu kemur fram að utanumhald um börn á Íslandi er að slakna. Það kemur m.a. fram í líðan þeirra og meiri neyslu á t.d. áfengi og fíkniefnum og á það líka við um börn í Grunnskóla Hornafjarðar. Starfsfólk skólans vill gera allt sem það getur til að nemendum farnist sem best og því er blásið til foreldrafunda um forvarnir, líðan, samheldni og samhjálp með öllum foreldrum skólans 15. og 16. janúar næstkomandi. Fundir með foreldrum barna í 7. – 10. bekk verða á skólatíma og verða bæði foreldrar og nemendur á fundunum. Auk starfsfólks frá skólanum verður Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsókn og greiningu á fundunum. **Megin þungi fundanna mun þó að fara í samtal og samráð.**



Afar brýnt er að mæting á fundina verði góð og við hlökkum til að sjá ykkur öll. Gott samstarf heimilis og skóla og öflugt foreldrasamstarf er lykilþáttur í velferð barna og ungmenna.

Saman getum við flutt fjöll.

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn og við viljum að þorpið okkar verður það besta ☺

Ytra mat á Grunnskóla Hornafjarðar

Nú í janúar verður unnið að ytra mati á Grunnskóla Hornafjarðar eins og fram kom í bréfi sem foreldrar og nemendur fengu í tölvupósti 8. janúar. Dagana 22. - 24. janúar munu matsaðilar vera í skólanum þar sem þeir fara í vettvangsathuganir og sitja í kennslustundum. Einnig munu þeir taka rýniviðtöl við ýmsa hópa s.s. starfsmenn, nemendur og foreldra. Á næstu dögum verða þeir foreldrar og nemendur sem óskað er eftir að mæti á rýnifundina látnir vita af stund og stað og væntum við góðrar samvinnu við þá aðila.

Dansvika

Hin árlega dansvika verður í skólanum 27. – 31. janúar næstkomandi. Þá kemur Jón Pétur til okkar og kennir öllum nemendum í 1. – 7. bekk dans og einnig þeim nemendum í 8. – 10. bekk sem þess óska. Föstudaginn 31. janúar verður danssýning í íþróttahúsinu kl. 12:30 og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á hana. Fimmtudagskvöldið 30. janúar verður dansleikur í Sindrabæ fyrir 8. – 10. bekk og er foreldrum boðið á fyrri hluta dansleiksins. Þá mun Jón Pétur stýra dansi þar sem nemendur verða hvattir til að bjóða foreldrum sínum í dans.



Nýr starfsmaður

Sólrún Sigurjónsdóttir hóf störf sem matráður í skólanum nú í byrjun árs og tók við af Stephen Johnson sem látið hefur af störfum. Um leið og Steve eru þökkuð vel unnin störf þá bjóðum við Sólrúnu velkomna til okkar.

Matseðill í janúar

- 13.01. Nætursaltaður fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð
- 14.01. Lambasnitsel, soðnar kartöflur, sinnepsrjómasósa, rauðkál
- 15.01. Fiskréttur kokksins, soðnar kartöflur, köld sósa
- 16.01. Lasagne, hvítlauksbrauð
- 17.01. Hrísgjónagrautur, brauð með osti og kjúklingaáleggi
- 20.01. Soðinn þorskur, soðnar kartöflur, soðið grænmeti, rúgbrauð
- 21.01. Kjúklingaborgari, hamborgarabrauð, franskar kartöflur, kokteilsósa
- 22.01. Fiskibuff, soðnar kartöflur, karrýsósa
- 23.01. Grísasteik, steiktar kartöflur, sinnepsrjómasósa
- 24.01. Porrasmakk, hrísgrjónagrautur
- 27.01. Fiskistangir, soðnar kartöflur, köld sósa
- 28.01. Kjúklingapottréttur, nanbrauð, maisbaunir
- 29.01. Steiktur fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 30.01. Vorrúllur, hrísgrjón, karrýsósa
- 31.01. Kakósúpa, brauð með skinku og osti. **Óskamáltíð í boði 2. S**

Gleðilegt ár gullin mín og munið nú endurskinsmerkín í skammdeginu